

Fermingarblað Vífils

1. tölublað

25. árgangur

2003



Fermingarbörn í Garða- og Vídalínskirkju 2003

Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ

Skátastarf í Garðabæ

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils í 15. sinn

Kæru Garðbæingar

Fermingarblað í aldarfjórðung !

Hver hefði trúað því að Fermingarblað Vífils yrði með elstu blöðum bæjarins ? Nú er blaðið að koma út 25. árið í röð og því réttur aldarfjórðungur liðinn síðan félagið reið á vaðið með útgáfu blaðsins til að kynna fermingarskeytasölu félagsins.

Sem fyrr eru listar yfir þau fermingarbörn sem fermast í Garðakirkju og Vídalínskirkju og einnig þau fermingarbörn úr Garðabæ sem fermast í Bessa- staðakirkju. Listarnir eru þeir eins og þeir lágu fyrir er blaðið fór í prentun og hugsanlega hafa orðið einhverjar breytingar frá þeim tíma.

Með Fermingarblaðinu viljum við kynna okkar árlegu skátaskeytasölu og allt það umfangsmikla starf sem fer fram undir merkjum Vífils á hverju ári.

Í blaðinu, sem alfarið er unnið af skátum úr Vífli, eru fréttir og myndir úr starfi félagsins síðastliðið ár.

Þvílíkt ár !

Starfið í Vífli hefur oft verið blómlegt en í fyrra var ótrúlega mikið um að vera og má nefna dæmi eins og félags-, sveitar-

og flokksútilegur, Alheimsskátamót í Tælandi, Landsmót skáta á Akureyri, Vífilsmót/Vinabæjarmót, Viðeyjarmót, hjólað yfir Kjöl, klifrað í Skaftafelli, sumardagurinn fyrsti, 17. júní, ylfingamót, dróttskátamót, ævintýra- og útilífsnámskeið og var allt þetta fyrir utan hið "venjubundna" skátastarf. Má því segja að alltaf sé nóg að gera í félaginu.

Nú pantar þú líka skeyti á vefnum !

Við hvetjum nú bæjarbúa til að senda fermingarbörnum skátaskeyti, hvort sem þeir eru nágrennar eða ættingjar og þannig styðjið þið við öflugt æskulýðsstarf í bænum. Við kynnum þá nýjung að hægt er að panta skeytin frá heimasíðu félagsins www.vifill.is og gerum við ákveðna tilraun þetta árið með þessu fyrirkomulagi.

Margt framundan

Skeytasalan, sumardagurinn fyrsti, útilegur og þátttaka í skátamótum eru auðvitað stórir þættir í starfi félagsins, en vert er að veita því athygli að allt eru þetta verkefni sem skátarnir leysa og



framkvæma að öllu leyti sjálfir.

Sumarnámskeiðin vinsælu

Auðvitað kynnum við hér í blaðinu okkar vinsælu Útilífs- og ævintýra- námskeið en þau verða haldin í sumar í fimmtánda sinn.

Námskeiðin eru alltaf að verða vinsælli og vinsælli og ekki er verra að fara að huga að pöntun, því síðustu árin hefur verið uppbókað á þau öll á met tíma.

Bestu þakkir til auglýsenda.

Frá okkur skátum í Vífli sendum við bestu kveðjur og þakkir til þeirra fyrirtækja sem hafa gert þessa útgáfu mögulega. Sum þessara fyrirtækja hafa styrkt okkur í aldarfjórðung og viljum við þakka þeim fyrir ómetanlega aðstoð.

Með skátakveðju,

Björn Hilmarsson,
ritstjóri.



Útgefandi:
Skátafélagið Vífill
Hraunhólum 12.

Ábyrgðarmaður:
Þór Ingólfsson

Ritstjórn:
Björn Hilmarsson
Jónatan Smári Svavarsson
Soffía Dagmar Þorleifsdóttir
Gunnur Yr Gunnarsdóttir
Ágúst Þór Gunnlaugsson

Myndir:
Kristján Ari Einarsson
og myndir úr myndasafni Vífils

Fþlús

borgar sig

Eitt símtal 560 5000...

Yfir 23 þúsund íslenskar fjölskyldur hafa valið F þlús viðtæku fjölskylduþrygginguna og nýtt sér kosti hennar. Hringdu og fáðu nánari upplýsingar í síma 560 5000 eða á heimsíðu okkar, www.vis.is.

* Nánari upplýsingar í skilmálum félagins.

...og þú færð m.a.

- Viðtæka fjölskylduþryggingu
- Afslátt af öðrum tryggingum
- Afslátt af öryggisvörum
- Viðtæka ferðatryggingu
- Aðgang að ýmsum tilboðum
- og margt, margt fleira



COKE • HAMBORGARI!
350.-

Jarðarberið
Iðnbúð 4 S: 564-0110
Opð mán.-fös kl. 10-23:30
Lau: kl. 11-23:30 Sun: kl. 13-23:30



Ný videóspóla + eldri á 350!



Forn-Ný
Járnagallerý
Sérsmíði
Iðnbúð 1 S: 565-8060

Sólbaðsstofan
Garðasól



Iðnbúð 2
S: 565-7090
Opð mán.-fös kl. 10-23
Laugardaga: kl. 11-21
Sunnudaga: kl. 12 -18



PIZZAN
665 9440
Smiðsbúð 9

Sumardagurinn fyrsti, 24. apríl

Skátamessa, sumarskemmtun, tertur og þrautabraut!

Afmælisdagur Vífils

Sterk hefð hefur myndast um hátíðahöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ og hafa þau verið í umsjá Skátafélagsins Vífils alla tíð.

Sumardagurinn er um leið afmælisdagur félagsins og er þetta sá þritugasti og sjötti.

Skátamessa í Vídalínskirkju kl. 13

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Vídalínskirkju laust fyrir klukkan 13 og hefst svo skátaguðsþjónusta í kirkjunni strax á eftir. Við hvetjum alla Garðbæinga sem vettlingi geta valdið að taka þátt í dagskránni frá upphafi.

Skrúðganga að Hofsstaðaskóla

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er fljótlega eftir skátamessuna eða klukkan 14. Gengið verður frá Vídalínskirkju, niður Hofsstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofsstaðaskóla og inn á hátíðarsvæðið þar.

Skátaforingjar úr Vífli munu sjá um fánaborg í skrúðgöngunni og sér Lúðrasveit Garðabæjar um göngu-taktinn og hressan undirleik.

Dagskrá við Hofsstaðaskóla

Við Hofsstaðaskóla mun Lúðrasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, t.d. þrautabraut, leiktæki, söngur og skemmtiatriði.

Skátakaffi og afmælisökur

Hofsstaðaskóli verður opinn og hið víðfræga skátatertuhlaðborð Vífils verður þar samkvæmt hefðinni. Kaffisalan verður í samkomusal skólans og er nóg pláss fyrir alla.

Við í Vífli erum stolt af því að sjá um svo viðamikla hátíð í bænum og gefur það skátaforingjum félagsins dýrmæta reynslu að undirbúa og framkvæma svona viðamikla dagskrá.

**Allir Garðbæingar velkomnir,
eldri skátar fjölmennið !**

Sumardagsnefnd Vífils.





BITABÆR
 Ásgarði Garðabæ Sími 565-8050




Tannlæknastofa
 Áslaugar, Guðrúnar og Úlfhildar
 Garðatorgi 7 Sími 565-9070

Ný og
 glæsileg
 blómabúð
Blómaskart



Sími: 565-7975

Garðatorgi 7 - Við turninn



Beint í blómaskreyti:

Kristi Jo Kristinsson s: 848-7675
Katharína Markúsdóttir s: 697-5153



Góð íþrótt er gulli betri

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar.

Starfsfólk stöðvarinnar býður Garðbæinga og gesti velkomna og mun kappkosta að veita góða þjónustu. Þú getur hvort heldur valið um að æfa í skipulögðu starfi íþróttafélags eða setja saman þína eigin æfingaáætlun.

Við íþróttamiðstöðina er glæsileg sundlaug, barnalaug og heitir pottar. Stórir og litlir æfingasalir, upphitunarsalur og þreksalur.

Úti eru svo gervigrasvöllur, malarvöllur og grasvöllur.

Það er aldrei of seint að byrja.

Hafðu samband og kynntu þér starfsemi okkar.

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ - Sími 565-8066



Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar

Hvað er að gerast hjá Vífli ?

Nokkrir stuttir fréttapunktur



Feðgar heiðraðir

Á sérstakri jólakvöldvöku Vífils, var Þór Ingólfsson útnefndur heiðursfélagi Vífils fyrir frábær störf í þágu félagsins um áratugaskeið. Þór var meðal annars gjaldkeri félagsins í 20 ár.

Þar með er hann boðinn inn í heiðursfélagaflokk Vífils, en þrír eru fyrir í þeim ágæta hópi. Það eru þeir Sigurjón Vilhjálmsson, Ágúst Þorsteinsson og sr. Bragi Friðriksson.

Einnig fékk Karl Rúnar Þórsson afhent gullmerki félagsins fyrir frábær störf, en hann hefur starfað í félaginu í mörg ár, m.a. sem félagsforingi og fyrsti umsjónarmaður sumarnámskeiða Vífils. Ekki verður metið til fjár þeirra framlag til skátastarfs í Garðabæ.

Jóla- og skátalög, hlýtt á hugvekju og loks kom Hurðarskellir í heimsókn og gaf öllum skátum og gestum bland í poka.

Friðarljósið frá Betlehem

Skátar úr Vífli dreifðu friðarloganum frá Betlehem nú rétt fyrir jólin eins og síðustu árin. Þetta var nú dálítið sérstakur logi, því hann kom frá

Betlehem og var kveikt á honum í fæðingarkirkju Krists. Fimmtán ár eru síðan skátar í Austurríki byrjuðu á þessum skemmtilega sið og nú fer þetta friðarljós um flest lönd heimsins.

Árleg jólaútilega foringjanna

Skátaforingjar Vífils hafa á síðustu árum komið upp þeirri skemmtilegu þá hefið að fara í útilegu á annan dag jóla og gista í eina nótt í skátaskálanum okkar Vífilsbúð. Engin undantekning varð þar á um síðustu jól. Í þessum útilegum er ekki vaknað snemma og ekki heldur sofnað snemma, því m.a. er spilað á öll spil sem finnast í húsinu. Einnig var farið í hellaskoðun í Fálkahelli en hann er rétt fyrir ofan skálann.

Þrettándabrennan vinsæl

Hin árlega þrettándabrenna var haldin í nágrenni Vífilsbúðar og kom mikill fjöldi gesta í Heiðmörkina til að syngja út jólin.

Dæmigert þótti nú fyrir veðurguðina að hafa úrhellisrigningu nákvæmlega á meðan fjöldasöngurinn var við bálið.

Sungið var nú samt hraustlega við gítarspil og öflugra söngstjórn dróttskáta félagsins.

Hjálparsveitin í Garðabæ sá um glæsilega flugeldasýningu sem bergmálaði um hlíðar Heiðmerkur.

Að henni lokinni bauð síðan Vífill upp á kakó og kex á pallinum við skátaskálann Vífilsbúð.

Mjög gleðilegt var að sjá hversu margir komu og einnig ljóst að margir komu frá nágrennasveitarfélögunum og sjáum við í Vífli að þessi atburður er að festast í sessi í starfi félagsins.

Breytingar á síðasta aðalfundi

Á síðasta aðalfundi lét Ingibjörg Guðmundsdóttir af starfi aðstoðarfélagsforingja og Runólfur Birgir Leifsson lét af starfi meðstjórnanda. Viljum við skátar í Vífli þakka þeim sérstaklega fyrir frábær störf í þágu félagsins.

Hrafnhildur Sigurðardóttir kom inn sem aðstoðarfélagsforingi og Hrafnhildur Odda Sturludóttir sem meðstjórnandi.



Vífilsbúð mikið notuð

Skátaskáli Vífils er mikið notaður af skátum félagsins og einnig er skálinn vinsæll af skátafélögum í nágrennabyggðum. Umhverfi skálans er frábært til hvers kyns útivistar og er t.d. vinsælt að fara í gönguferðir um Heiðmörkina eða jafnvel alla leið upp á Helgafell.



Stjórn Vífils skipa nú

Félagsforingi

Jónatan Smári Svavarsson

Aðstoðar félagsforingi

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Ritari

Haukur Þór Haraldsson

Gjaldkeri

Björn Hilmarrson

Meðstjórnendur

Björn Hermannsson

Hrafnhildur Odda Sturludóttir

Rakel Ýr Sigurðardóttir



Gott að koma í hlíuna í Vífilsbúð og fá kakó eftir sönninn við brennuna

Vífill á Jamboree í Tælandi

25.000 skátar á alheimsskátamóti um síðustu áramót

Loksins loksins ...

Jæja þá var komið að því... Upp var runninn 26. dagur desembermánaðar og ferðin til Tælands var að hefjast.

Íslensku þátttakendurnir voru um 40 og þar af vorumvið fjögur frá Vífli. Við hittust í skátaheimili Hraunbúa, Hraunbyrgi í Hafnarfirði. Þar kláruðum við að pakka pokunum og kvöddum fjölskyldur okkar.

Loks lögðum við af stað til fyrirheitna landsins, Tælands. Það tók næstum 40 klukkustundir að komast á mótssvæðið og var hópurinn þreyttur eftir strembið ferðalag.

Risavaxið skátamót

Mótssvæðið var á stærð við Kópavog og mótsgestir voru á við þrefaldan íbúafjölda Garðabæjar. Öryggisgæslan var í hámarki, herskip voru úti í firðinum, vopnaðir hermenn allt í kringum svæðið og lögregla fylgdi okkur hvert fótmál sem við fórum út fyrir svæðið. Þátttakendur voru frá yfir 100 þjóðlöndum.

Þvílíkur hiti !

Fyrsta nóttin var hræðileg, hitinn og rakinn voru að drepa okkur og lítið var hægt að sofa. Dagurinn eftir var samt hræðilegri, hitinn fór upp í 40°C og var það kannski full mikið fyrir okkur, nýkomin úr kuldanum heima.

Við gistum 4-5 saman í tjöldum Vífills, en á hverjum morgni þurftum við að vakna um sex leytið. Við byrjuðum á því að fara í sturtu sem voru frekar kaldar, busta tennur og fá okkur að borða, svo drifum við okkur í dagskrá klukkan hálf átta en dagskráin sjálf byrjaði klukkan átta.



Mikil dagskrá

Dagskráin á mótinu var skemmtileg og fjölbreytt. Fyrsta daginn fórum við í samfélagsþjónustu og hjálpuðum fátækum thailenskum skóla að helluleggja og steypa. Það var gaman að sjá hvað börnin voru ánægð með að fá þetta hvíta fólk í heimsókn til að hjálpa, við vorum eins og kóngar hjá þeim. Það er ekki alltaf sem börn koma og biðja um eininhandarárritun frá manni.

Það voru einnig margir aðrir dagskrárliðir eins og "City og science", þar sem við lærðum að búa til sólúr. "Face the waves" þar sem farið var á báta og róíð og svo margt fleira í boði eins og að fara á fílsbak sem var mjög skemmtilegt.

Mótið var í 10 daga og var hver dagurinn öðrum skemmtilegri.

Bangkok og kaupæði

Þegar mótið var búið héldum við til Bangkok. Við ferðuðumst með lest í þrjá klukkutíma og svo með rútu á hótelið. Þegar komið var á hótelið fengum okkur nú smá blund því höfðum við verið vakandi í sólarhring. Við fórum strax í bæinn daginn eftir. Þar fengu allir kaupæði, því m.a. var hægt að

kaupa Diesel gallabuxur á 1200 kr íslenskar. Enduðum við þennan dag á því að borða á Pizza Hut.

Eftir æðislega nótt í lofkældu herbergi og með sæng og almennilegan kodka, vögnuðu allir

mjög hressir.

Haldið var af stað í tælenskt Búddahof eða Grand palace sem var allt skreytt með gulli og gersemum. Í hádeginu fórum við á Hard Rock Café, en svo skiptist hópurinn. Sumir fóru á saumastofu að láta sauma á sig föt, aðrir fóru á snákabúgarð og enn aðrir fóru að versla meira.

Um kvöldið fórum við saman á tælenskan veitingastað. Þar var haldin karokee keppni og stóðu Íslendingar sig mjög vel í að syngja við tælenska popp tónlist.

Næst síðasta daginn í Bangkok fórum við á flotmarkað og heimsóttum nokkra aðra markaði. Við fórum einnig inn í risastóra skartgripabúð, en þar fékk ég að máta þriggja milljóna króna demantshring.

Í hádeginu fórum við í Rósagarðinn og borðuðum þar, fórum svo á sýningu um sérkenni Tælands.

Um kvöldið var svo farið á finan veitingarstað, sem var í hæstu byggingu Tælands. Daginn eftir hófst svo ferðin heim aftur til Íslands.

Þetta var frábær ferð og stórkostleg upplifjun. Ég kvet alla skáta til að fara á næsta Alheimsmót sem verður í Englandi 2007.

Gunnur Líf Gunnarsdóttir





Gjafabréf

Stofnun eða innlegg
á Framtíðarreikning
er tilvalin
fermingargjöf

Framtíðarreikningur Íslandsbanka

Fermingargjöf er framtíðarsjóður

Framtíðarreikningur er frábær fermingargjöf og ólík öðrum gjöfum að því leyti að hún vex með fermingarbarninu og tryggir því öruggan sjóð við 18 ára aldur.

- Hæstu vextir á innlánsreikningi
- Hámarksöryggi
- Verðtrygging
- Sveigjanleiki
- Laus til útborgunar við 18 ára aldur
- Engin lágmarksinnborgun
- Þú getur lagt inn reglulega eða þegar þér hentar
- Fallegar gjafaumbúðir

Íslandsbanki
– þar sem gjafirnar vaxa!



Vífilsmót í túninu heima

Alþjóðlegt skátamót/Vinabæjarmót haldið við skátaheimilið

Loksins aftur Vífilsmót

Fyrir nokkrum árum var gantast með það í Vífli að við skyldum bara halda Vífilsmót á túninu við skátaheimilið að Hraunhólum 12. Ekki hefðum við trúað því þá að við myndum síðan halda alþjóðlegt skátamót á túninu með hátt í 200 þátttakendum.

Þegar ljóst var að skátahópar, kórar og íþróttahópar kæmu á vinabæjarmót í Garðabæ, viðruðu bæjaryfirvöld þá hugmynd að Vífill myndi taka við skátahópunum og sjá um þá í heila viku. Var þá dustað rykinu af gömlu hugmyndinni og alltaf tók hún á sig betri og betri mynd.

Þegar Vífill tók þátt í vinabæjarskátamóti í Danmörku fyrir nokkrum árum var Helgi Grímsson, sem þá var félagsforingri, fararstjóri hópsins. Frábærlega var tekið á móti Vífli þar og var stefnt að því að ekki yrðu móttökurnar síðri hér í Garðabænum.

Helgi tók að sér að vera mótsstjóri og svo var farið að undirbúa. Skipað var í vinnuhópa, sett var sérstök nefnd í dagskrármál, sérstök nefnd í matarinnkaup og úthlutun, sérstakur hópur var settur í að koma tjöldum félagsins í rétt horf ásamt að sjá um undirbúning á túninu sjálfa o.fl. o.fl.

Fyrsta "norræna" Vífilsmótið

Þegar undirbúningi var lokið komu þann 20. júní um 80 skátar frá Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Þátttakendur af ævintýra- og útilífsnámskeiðum tóku eining þátt í dagskránni ásamt því að mótið var notað sem undirbúningsútilega fyrir Landsmótsfara Vífils.

Með allan þennan hóp og mikið lið



reyndra stjórnenda var umfang þessa móts orðið allnokkuð því dagskráin var mjög fjölbreytt.

Mikið lagt í tjaldbúðavinnu.

Strax eftir mótssetningu fór hver hópur að reisa hlið og girðingu og undirbúa sitt tjaldsvæði.

Hóparnir fengu kistur með verkfærum og nauðsynlegum hlutum fyrir tjaldbúðalífið. M.a. fengu allir hóparnir járnfötur, en búið var að skera gat í botninn á þeim og voru þær notaðar sem eldavélar. Hóparnir elduðu á opnum eldi í langflestum máltíðum og tókst það alveg frábærlega.

Vönduð og mikil dagskrá

Skátarnir fóru í Heiðmörkina, skoðuðu Búrfell, Búrfellsgjá, Valaból, Helgafell o.fl. með viðkomu í Vífilsbúð, útilífsskála Vífils í Heiðmörk. Farið var í ratleik um Garðabæ og auðvitað var sundlaugin prófuð rækilega.

Farið var í hellaleiðangur og auðvitað var haldið Norðurlandamót í skátaípróttum og síðan unnið í sérstakri skátasmiðju.

Einn daginn var farið með rútu á

Úlfjótuvatn, þar sem er útilífsmiðstöð skáta á Íslandi og auðvitað reynt við vatnasafari, klifur, sig, silungsveiði ofl. Sérstakur kynningardagur var haldinn í Reykjavík og allt hið markverðasta skoðað í höfuðborginni.

Dansað í Viðey

Svo skemmtilega vildi til að á sama tíma var haldið árlegt skátamót skátafélagsins Landnema í Viðey. Fór þá allt Vífilsmótið í heimsókn út í Viðey og tók þar þátt í dagskrá Landnemamótsins. Var þar mikið fjör, eyjan skoðuð, haldin grillveisla, tekið þátt í aðalvarðeldi mótsins og dansað í sumarbertunni fram eftir nóttu á bryggjuballi. Þetta var ógleymanlegur dagur fyrir erlendu skátana og líklega í fyrsta skipti á Íslandi sem skátamót fer og hittir annað skátamót....

Kvöldvaka á Vífilsstaðatúni

Sérstök kvöldskemmtun var haldin á túninu við Vífilsstaði og var þar meðal annars víkingasýning og lífsmáti og bardagaáferðir víkinga kynntar.

Vífill sá um fjöldasöng og hafa aldrei eins margir sungið á því túninu áður. Kórnir komu einnig fram og sungu skemmtileg lög frá sínum heimalöndum. Tókst þessi útskemmtun frábærlega og auðvitað hjálpaði það mikið að sólin skein glatt þetta kvöldið.

Síðasta kvöldið var unglíngadansleikur í Garðalundi og síðar um kvöldið var Vífilsmóti 2002 slitið.

Við tók frágangur á tjaldbúðinni og héldu svo allir til síns heima.

Bakland Vífils öflugt !

Ekki voru það bara foringjarnir í Vífli sem tóku á sig stór verkefni við framkvæmd skátamótsins heldur voru margir foreldrar og eldri skátar sem komu og aðstoðuðu við hin margvíslegu verkefni. Þetta er sá hópur sem myndar bakland Vífils og kunnum við öllum bestu þakkir fyrir.



Myndir frá Vinabæjarmóti



Vífill öflugur á Internetinu ! og nú pantar þú skátaskeytin á www.vifill.is



Allir á netið

Við þykjumst viss um að fólk gerir sér ekki grein fyrir því gríðarmikla skátastarfi sem fram fer á internetinu !

Flest skátafélög eru komin með eigin heimasíður og lén og hefur t.d. Vífill komið upp sérstakri vél sem hýsir vef félagsins. Vefsíða Vífills er glæsileg og heldur utan um dagskrá félagsins, fréttir, félagatal, myndir úr starfinu, myndir frá Vífillsbúð að ógleymdri kosningu vikunnar þar sem kosið er um hin

ólíklegustu málefni hverju sinni.

Einnig er sérstök fréttasíða sem segir frá helstu atburðum líðandi stundar og geta skátaforingjar félagsins sjálfir uppfært fréttasíðuna strax eftir útilegur.

Nú t.d. eru þegar komnar á netið allar upplýsingar um Ævintýra- og útilífsnámskeiðin sem haldin verða næsta sumar.

Alfarið í höndum skáta

Öll uppsetning er í höndum skátanna sjálfra í félaginu en vefstjóri Vífillsvefsins og aðalhönnuður er Jón Ingi Björnsson.

Skátaskeytin pöntuð á netinu

Nú í ár fer í gang sérstakt samstarf skátafélaga og virkar þannig að út frá vefsvæði félagsins er gengið frá pöntun, en síðan er komið inn á sameiginlega móttökusíðu skátafélaga þar sem gengið er frá greiðslunni og upplýsingar um greiðslukort eru móttæknar.

Allt dulkóðað að sjálfsgöðu !

Allar upplýsingar eru auðvitað

dulkóðarar og er það tölvufyrirtækið Ferli ehf. sem hýsir þessar vefsíður fyrir skátafélögin.


Skátafélögin fá svo til sín pantanirnar og ganga frá þeim inn í Skátaskeytakerfið og sjá svo um að senda út skeytin.



Myndir úr starfi Vífils




Skátaskeytin eru falleg sending



1. Bessastaðagluggi



2. Varðeldur



3. Frá Úlfjótavatni



4. Fljúgandi svanir



5. Jöklasýn



Umslag utan um skeytin.

Þetta eru þær skátaskeytategundir sem eru í boði.

Tekið er á móti pöntunum í Skátaheimilinu Vífilsfelli, sem er að
Hraunhólum 12 í Garðabæ.

Ef pantað er símleiðis, **verður** að greiða með greiðslukorti og
er nægilegt að gefa upp greiðslukortanúmer og gildistíma.

Verð á skeytunum er kr. 500.

**Á fermingardögum er hægt að panta
skátaskeytin í sínum 565-8989 og 565-8820
milli klukkan 13-17.**

**Á mánud.- laugard. er hægt að panta skeyti á
www.vifill.is allan sólarhringinn !**

**Einnig er hægt að koma í Skátaheimilið Vífilsfell að Hraunhólum 12 á opnunartíma
skeytasölnunnar eða milli kl. 18-20 mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga.**

Fermingarbörn úr Garðabæ sem fermast í

Vídalínskirkja 30. mars kl. 10.30

101 Arnór Víðisson	Bæjargil 47
102 Auður Sigurkarlsdóttir	Smáraflöt 39
103 Árni Bergur Sigurðsson	Bæjargil 52
104 Baldvin Sturluson	Móaflöt 9
105 Birkir Smári Sigurgeirsson	Ásbúð 73
106 Bjarki Sigurjónsson	Hraunhamar
107 Bryndís Reynisdóttir	Krókamýri 48
108 Dagur Geir Jónsson	Hraunhólar 18
109 Egill Már Snorrason	Bæjargil 75
110 Grétar Kárason	Bæjargil 63
111 Guðbjörg Runólfssdóttir	Kjarrmóar 15
112 Guðmundur Ragnar Lárusson	Bæjargil 98
113 Halldór Einarsson	Langamýri 49
114 Haraldur Ragnarsson	Greniás 19
115 Hinrik Már Hreinsson	Krókamýri 30
116 Hjálmar Örn Elísson Hinz	Brekkubyggð 42
117 Jóhannes Brynjólfsson	Hegranes 21
118 Kristinn Sveinn Ingólfsson	Hvannalundur 6
119 Kristján Bjarni Jóhannsson	Kjarrmóar 9
120 Kristján Páll Kristjánsson	Eskiholt 21
121 Perla Steinsdóttir	Háholt 3
122 Rut Karlsdóttir	Eikarás 11
123 Silja Hinriksdóttir	Þrastarlundur 19
124 Sveinbjörn Finnsson	Ásbúð 27

Vídalínskirkja 30. mars kl. 13.30:

125 Anna Maren Helgadóttir	Hlíðarbyggð 28
126 Anna Margrét Pálsdóttir	Brekkubyggð 14
127 Ásgeir Ögmundarson	Langafit 11
128 Ásgerður Ragnarsdóttir	Hlíðarbyggð 3
129 Berglind Árnadóttir	Hvannalundur 15
130 Erna Karólína Arnadóttir	Smáraflöt 17
131 Eydís Sigurðardóttir	Reynilundur 8
132 Friðrik Sindri Friðriksson	Breiðás 10
133 Garðar Geir Hauksson	Holtsbúð 8
134 Guðmundur Ásgeirsson	Krókamýri 68
135 Hanna Guðrún Halldórsdóttir	Krókamýri 6
136 Jakob Marel Viðarsson	Ægisgrund 2
137 Jón Haukur Jónsson	Langamýri 59
138 Kirstín Birna Bjarnadóttir	Draumahæð 2
139 Lilja Ósk Diðriksdóttir	Hraunás 12
140 Ólafur Þór Þrastarson	Klettás 16
141 Pálmar Sveinsson	Langamýri 29
142 Snædís Steinþórsdóttir	Efstilundur 13
143 Sveinn Gauti Einarsson	Eikarás 8
144 Sveinn Sigurður Rafnsson	Ásbúð 98
145 Viktor Hrafn Einarsson	Kjarrmóar 50
146 Þóra Lind Sigurðardóttir	Eskiholt 19

Vídalínskirkja 6. apríl kl. 10.30:

201 Andrea Rún Carlsdóttir	Þrastarnes 17
202 Arna Björk Pétursdóttir	Bæjargil 60
203 Arnar Páll Skúlason	Krókamýri 80
204 Ágúst Arnar Ágústsson	Fagrahæð 6
205 Birkir Ísak Einarsson	Bæjargil 61
206 Bjarki Jóhannsson	Háhæð 11
207 Bjarni Antonsson	Marargrund 16
208 Dagný Engilbertsdóttir	Markarflöt 18
209 Dóra Hrund Gísladóttir	Birkihæð 1
210 Elín Rut Elíasdóttir	Krókamýri 52
211 Ellen Ágústa Björnsdóttir	Kjarrmóar 44
212 Elna María Ingólfssdóttir	Skógarlundur 5
213 Helga Lovísa Kemp Einarssdóttir	Marargrund 14
214 Ingi Björn Ómarsson	Arnarás 19
215 Katrín Lillý Jónsdóttir	Smáraflöt 28
216 Óskar Freyr Óðinsson	Markarflöt 25
217 Ragnheiður Dís Gunnarsdóttir	Lyngmóar 3
218 Rúnar Már Magnússon	Sigurhæð 4
219 Sigurður Egill Þorvaldsson	Bæjargil 107
220 Sigurður Orri Guðmundsson	Urðarhæð 2
221 Sindri Sævarsson	Hrísmóar 2b
222 Stefán Ingi Þórisson	Langamýri 51
223 Steinn Anton Vigfússon	Bæjargil 35
224 Stella Andrea Guðmundsdóttir	Bakkaföt 4
225 Unnur Magnúsdóttir	Tjarnarflöt 5

Vídalínskirkja 13. apríl kl. 10.30:

301 Davíð Þór Sigurðsson	Asparlundur 11
302 Eva Rós Sigurðardóttir	Kjarrmóar 3
303 Fjóla Huld Sigurðardóttir	Hlíðarbyggð 13
304 Gísli Rúnar Gíslason	Bæjargil 3
305 Herdís Ómarsdóttir	Blómahæð 2
306 Hildur Harðardóttir	Birkiás 22
307 Hrannar Árni Barkarson	Holtsbúð 57
308 Jón Ingi Stefánsson	Kjarrmóar 13
309 Kristín Jónsdóttir	Hæðarbyggð 23
310 Ólafur Arnar Jónsson	Gígjulundur 8
311 Raket Gyða Pálsdóttir	Skógarhæð 5
312 Sigurrós Oddný Kjartansdóttir	Aftanhæð 2
313 Snorri Hallgrímsson	Holtsbúð 29
314 Svanfríður Alda Fannberg Vilhjálmssdóttir	Hörpulundur 4
315 Sölvi Óskarsson	Hrísmóar 1 íbúð 11
316 Unnar Freyr Óskarsson	Kjarrmóar 33
317 Þórólfur Ólafsson	Holtsbúð 18

**Pantið skátaskeytin í sínum 565-8989 & 565-8820
eða komið í skátaheimilið Vífilfell að Hraunhólum 12
Einnig hægt að panta á www.vifill.is !**

rða-, Vídalíns- og Bessastaðakirkju 2003

Prestar verða sr. Hans Markús Hafsteinsson og sr. Friðrik J. Hjartar.

Vídalínskirkja 13. apríl kl. 13.30:

318 Aron Sigurbjörnsson	Hlíðarbyggð 23
319 Birta Pálmarsdóttir	Tjarnarflöt 4
320 Edda Sif Sveinbjörnsdóttir	Ásbúð 23
321 Eiríkur Guðlaugsson	Krókamýri 66
322 Hilmar Kristjánsson	Kjarrmóar 10
323 Hrund Einarsson	Bæjargil 49
324 Jón Örn Bogason	Mávanes 13
325 Kara Ingólfssdóttir	Urðarhæð 5
326 Kristín Sunna Sveinsdóttir	Nónhæð 4
327 Krístrún Linda Kristinsdóttir	Vífilsstaðir 5
328 Ólöf Ásta Ólafsdóttir	Ásbúð 8
329 Sara Hrund Ólafsdóttir	Kjarrmóar 7
330 Sigríður Kamilla Alfreðsdóttir	Bæjargil 54
331 Sigrún Anna Magnúsdóttir	Sigurhæð 1
332 Silja Rut Sigurfinnsdóttir	Krókamýri 80
333 Sunna Rós Dýrfjörð	Steinás 3
334 Þórunn Kristjánsdóttir	Kjarrmóar 10

Bessastaðakirkja 21. apríl kl. 10.30:

401 Erik Steinn Þorsteinsson	Kjarrás 10
402 Guðbjörg Rist Jónsdóttir	Bæjargil 73
403 Tinna Margrét Ólafsdóttir	Ægisgrund 6

Garðakirkja 21. apríl kl. 13.30:

404 Anna María Birgisdóttir	Nónhæð 2
405 Arnór Einarsson	Birkíás 29
406 Ástríður Anna Kristjánsdóttir	Goðatún 30
407 Berglind Valdimarsdóttir	Kögunarhæð 4
408 Díana Hrund Gunnarsdóttir	Bæjargil 127
409 Eva Hrund Ólafsdóttir	Aratún 3

410 Fanney Þórisdóttir	Breiðás 3
411 Gabríel Þór Bjarnason	Haukanes 14
412 Gunnar Gylfason	Birkíás 37
413 Hjördís Arnarsdóttir	Sigurhæð 2
414 Hugrún Hallsteinsdóttir	Þingholtsbr. 77, Kóp
415 Íris Káradóttir	Óttuhæð 8
416 Magnús Jökull Traustason	Laufás 4
417 Ragnhildur Rós Kristjánsdóttir	Holtubúð 7
418 Sigrún Helga Gunnlaugsdóttir	Grund
419 Viktor Einarsson	Birkíás 29

Garðakirkja 27. apríl kl. 10.30

501 Anna Henningsdóttir	Brekkubyggð 33
502 Anton Örn Elfarsson	Sunnufliót 10
503 Áspór Aron Þorgrímsson	Melás 6
504 Birna Erlingsdóttir	Ögurás 7
505 Elísa Björk Guðmundsdóttir	Hegranes 25
506 Erna Guðrún Sigurðardóttir	Haukanes 8
507 Grétar Már Pálsson	Holtás 1
508 Hlynur Hafsteinsson	Melhæð 1
509 Íris Ólafsdóttir	Lyngmóar 7
510 Kristjana Júlía Þorsteinsdóttir	Haukanes 15
511 Sigurlaug Arna Sævarsdóttir	Bæjargil 41
512 Tanya Brá Brynjarsdóttir	Birkíási 15

Bessastaðakirkja 27. apríl kl. 13.30

513 Kristján Einar Kristjánsson	Ásbúð 32
---------------------------------	----------

Garðakirkja 4. maí kl. 14:00

514 Gunnhildur Rós Oddsdóttir	Asparás 3 *
-------------------------------	-------------

(* Senda þarf 27.apríl)

Munið að hafa tilbúið kreditkortid þegar þið hringið til okkar til að gefa okkur upp kortanúmerið og gildistímann á því.

Þegar skátaskeyti er pantað er einfaldast að gefa upp raðnúmerið sem er við nafnið. Það flýtir fyrir afgreiðslu hjá okkur.

Athugið breyttan opnunartíma.

Afgreiðslan í Skátaheimilinu er opin milli klukkan 13 og 17 og við lokum stundvíslega til að koma skeytunum út eins fljótt og auðið er.

Munið að við tökum á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog, þá daga sem fermingar eru í Garðakirkju og Vídalínskirkju.

Garðbæingar - Þökkum veittan stuðning

Vinsælu Útilífs- og ævintýranámskeiðin

Skemmtileg námskeið - frábær dagskrá alla daga!



hafa margra ára skátastarf að baki. Þau eru þaukunnug útilífi og stjórnun í skátastarfi og eru snillingar að vinna með ungum Garðbæingum.

Hvenær eru námskeiðin

Hvert námskeið varir í eina viku (nema þar sem frídagar koma inn í)

Dagsetningar námskeiða fyrir næsta sumar verða eins og hér segir.

10. - 13. júní fyrir 7 - 11 ára

16. - 20. júní fyrir 7 - 11 ára

23. - 27. júní fyrir 7 - 11 ára

30. - 04. júlí fyrir 7 - 11 ára

07. - 11. júlí fyrir 7 - 11 ára

14. - 18. júlí fyrir 7 - 11 ára

21. - 25. júlí fyrir 7 - 11 ára

28. - 01. ágúst fyrir 7 - 11 ára

04. - 08. ágúst fyrir 7 - 11 ára

11. - 15. ágúst fyrir 7 - 11 ára

Dagana **7. júlí - 18. júlí** verður sérstakt Ævintýranámskeið í samstarfi Vífils og Stjörnunna og er það fyrir 11-14 ára.

Dagana **21.-25. júlí** verður sérstakt Grallaranámskeið sem er ætlað fyrir 6 ára.

Í endann á ágúst verður haldin lokahátíð og grillveisla í skátaheimilinu þar sem öllum þátttakendum af Útilífs- og ævintýranámskeiðinu er boðið. Nánar auglýst síðar.

Verð fyrir námskeiðin ?

Vikunámskeiðin eru á kr. 7.000 en fyrir þau sem koma oft á námskeið sumarsins, þá er gjaldið kr. 6.000.



Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils eru skemmtileg námskeið sem Skátafélagið Vífill hefur starfrækt síðustu fjórtán sumur.

Mikil og góð dagskrá

Við leggjum metnað okkar í það að sinna einstaklingunum og er dagskráin byggð upp á reynslu undanfarinna ára. Þátttakendum er skipt upp í flokka eftir aldri og starfa flokkarnir saman allt námskeiðið.

Farið er í ýmsar ferðir í nágrenni skátaheimilisins ásamt hellaferð, fjöruferð, fjallgöngu, hjólaferð og kynnisferðum og mörgu fleira.

Hápunkturinn er útilegan

Hápunktur hvers námskeiðs er tjaldútilega í Heiðmörk og er þá verið í nágrenni skátaskálans okkar Vífilsbúðar. Í útilegunni verður grillað, haldin kvöldvaka og farið í póstaleiki. Í stuttu máli er gert flest það sem tilheyrir alvöru skátaútilegum, enda er útilíf og útilegur sérgrein okkar skátanna.

Reyndir foringjar leiðbeina

Námskeiðunum er stýrt af reyndum skátaforingjum sem kunna sitt fag og



Systkinaafsláttur er 10%.

Sérstök "gæsla" er í boði frá 9-10 og frá 16-17 líkt og undanfarin ár. Athugið að hver dagur í gæslunni kostar 200 kr.

Hægt er að skrá strax í síma 899-0089 og 565-8820 eða með því að senda tölvupóst á vifill@vifill.is

Allar nánari upplýsingar fást á vefnum okkar: www.vifill.is.





Þjóðarsýn - Heildar þjóðskrárlausn

Þjóðarsýn - skoða þjóðskrá og fyrirtækjaskrá

Skrá Aðgerðir

Kennitalaleit	Nafnaleit	Heimilisfangaleit	Þjóðarsýn	
Kennitala	Nafn	Heimili	Pórr	Sími
490991-1589	Ferli ehf. Reykjavík	Hlíðasmára 8	201	<input checked="" type="checkbox"/>
490992-2009	Vikurbraut 13. húsfélag	Vikurbraut 13	780	<input type="checkbox"/>
490992-2279	Áttahagsfélag Þórhafnar og nágr	Sléttuvegi 3	103	
490992-2439	Hugræktfélag hugræktarmanna		101	
490992-2789	Félagsbúið Rauðanesi 3	Rauðanesi 3	311	
490992-2869	Voces Thules	Njálsgötu 75	101	
490993-2079	Andi, félag skemmtibátseigenda	Löngumýri 24	600	
490993-2159	Ódðeyri ehf	Barðstúni 7		
490993-2239	Húsfélagið Síðumúla 15	Síðumúla 15		
490993-2319	Nemendafélag Hótel-/veitingask	Suðurlandsbraut 2		
490993-2669	Íshákarl hf (Iceshark Ltd.)	Kirkjubraut 40		
490993-2749	Guðmundur Skúlaason ehf	Lækjarhalla 24		
490993-2829	Eskihlið 12a húsfélag	Eskihlið 12a		
490994-2039	Verðbréfamíðun Íslands ehf	Skútuvegji 12c		
490994-2119	Unglingaráð handknattíð Gróttu	Boðar		
490994-2389	Gáski ehf	Boðar		
490994-2469	H.ævi 12.14 hvírfélag			



FERLI

Ferli ehf dreifir þjóðskrá og tengdum skráum og býður upp á daglegar, vikulegar eða mánaðarlegar uppfærslur á þeim. Þarf þitt fyrirtæki að sækja þjóðskrá ?

Með Þjóðarsýn skoðar þú upplýsingar um einstaklinga og fyrirtæki og uppfærir skrárnar reglulega og algjörlega sjálfvirk

Dróttskátar Vífils - DS Fenris

Öflugt lið unglunga sem gerir góða hluti !



Frábær hópur dróttskáta

Dróttskátar eru þeir sem eru orðnir 15 ára eða eldri og er ein sveit í Vífill sem heitir Ds. Fenris. Foringjar þeirrar sveitar eru Sigurður Tómas Þórisson og Hrafnhildur Sigurðardóttir. Starfið hefur verið mjög viðamiklegt og eru hér nokkur dæmi um starfið í vetur.

DS. Vetrarlíf - Vetarskátun

Vetrarlífsnámskeiðið var fyrir dróttskáta frá öllum félögum og byrjaði það á fimmtudegi þegar haldinn var undirbúningsfundur í fyrir þátttakendur. Þetta námskeið var til þess að þjálfva dróttskáta í ferðum að vetrarlagi. Þátttakendur fengu upplýsingar um það hvaða útbúnað þeir ættu að hafa með sér og hvaða veðri þeir ættu von á. Veðurspáin sagði til um blautt veður og mikinn vind. Áætlunin var að fara upp á Hellisheiði og ganga frá neyðarskýlinu að skátaskálanum Þrym.



Á föstudeginum hittust þátttakendur ásamt leiðbeinendum klukkan sjö við húsakynni BÍS á Arnarbakka og þaðan haldið í rútu upp á heiði. Gangan frá neyðarskýlinu gekk stóráfallalaust. Þegar komið var upp í Þrym var komið sér fyrir og svo var námskeiðið sett. Ekki var gott veður til útiveru þetta kvöldið þannig að flestir fóru að sofa.

Morgunin eftir var ágætis veður og allir drifu sig út til að æfa ísaxarbremsu og að meta snjóflóðahættu.

Og auðvitað kom alveg brjáláð veður

Svo færðum við okkur um set og byrjuðum að koma okkur upp eldunaraðstöðu í snjónum. Svo byrjaði að rigna og hvessa allsvakalega svo margir voru orðnir ansi kaldir. Þá var ráð að drífa upp tjöldin og koma búnaði í skjól. Þegar hér er komið við sögu var nánast allur búnaður orðinn blautur og ekki um annað að ræða en að færa allan búnað og þátttakendur inn í skála. Þar myndaðist ágætis stemmning og kvöldmatur var eldaður í aðeins fyrra laginu, eða kl 16:00. Síðan var ekkert annað að gera en að sitja inni að bíða eftir að veðrinu slotaði. Þegar farið var að sofa fórum við nokkrir út undir bert loft að sofa en urðum að hörfa inn eftir nokkurn tíma vegna mikillar rigningar. Næsta morgun var svo tekið til og lagt af stað í átt að neyðarskýlinu með mótvind og þegar við loks náðum niður á þjóðveg lagaðist veðrið.

Þetta var frábært námskeið fyrir utan brjáláð veður en hægt er með sanni að kalla þetta vetrarskátun.

Ds.mótið „Saman“ á Gufuskálum

Síðastliðin fjögur ár hafa verið haldin skátamót fyrir dróttskáta og hafa þau hingað til verið haldið í Þórsmörk. Að þessu sinni var það haldið á Gufuskálum á Snæfellsnesi, þar sem Slysavarnar-

félagið Landsbjörg hefur komið sér upp góðri aðstöðu.

Lagt var af stað frá Smáralind og haldið vestur með viðkomu í Borgarnesi. Þegar komið var að Gufuskálum var aðstaðan kynnt og farangri komið fyrir. Svo var strax farið út í næturleik sem krafðist kænsku og kunnáttu. Allir fóru svo þreyttir að sofa kl.2.

Langur laugardagur

Á laugardagsmorgunin voru svo allir vaktir með ljúfum tónum úr gjallarhorni og menn gerðu sig svo klára fyrir mjög langan póstaleik. Hann tók um 10. klukkutíma og stóð yfir stanslaust frá níu til sjö. Þar bar ýmissa grasa og má þar nefna klifur og sig, skyndihjálp, vaða á, sundsprettur í höfninni á Rifi og síðast en ekki síst rústabjörgun. Allt tók þetta nú á en var líka endalaust skemmtilegt. Um kvöldið var svo haldin grillveisla í boði Coke og SS. Að sjálfsögðu var glæsileg kvöldvaka með myndasýningu þar sem sýndar voru myndir sem teknar voru sama dag. Allir fóru síðan þreyttir í háttinn.

Metamót í umsjá Ds Fenris.

Á sunnudeginum var svo hið árlega metamót haldið í umsjá DS.Fenris, en þar bar DS.Ögrun úr Reykjavík sigur úr bítum. Svo var tekið til og eftir myndatöku af öllum í mótsbolunum var farið upp í rútu og haldið heim. Allt var þetta mjög skemmtilegt og vonandi verða þessi mót til þess að efla samstarf milli Slysavarnarfélagsins Landsbjarga og dróttskáta.

Ágúst Þór DS.Fenris



Vilt þú taka þátt í ylfinga- skáta eða dróttskátastarfi?

Hringdu þá í síma 565 8820 á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum milli kl. 18 og 20.

Félagsútilega Vífils

Skátar úr Vífli skemmtu sér frábærlega á Úlfljótsvatni



Allir í Vífli fara í félagsútilega

Það voru hressir skátar úr Vífli sem skelltu sér á Úlfljótsvatn í lok október í árlega félagsútilegu Vífils. Þemað að þessu sinni var Snorra Edda og var því mestöll umgjörð í anda ásatrúar. Þegar skátarnir voru búnir að koma sér fyrir var farið í blysför að litlum minnisvarða þar sem setning fór fram. Á henni fóru nokkrir dróttskátar í hlutverk eldgleypa, en auk þeirra var eitthvað dularfullt á seiði í kring um setninguna.....

Sköpunarglaðir skátar

Eftir setningu fóru skátarnir til smiðju þar sem þeir gátu gert margt skemmtilegt og svo fóru allir að fá sér kakó fyrir svefninn.

Fréttablað í félagsútilegu

Að þessu sinni kom fram nýjung í útilegu hjá Vífli, því að nokkrir skátar tóku sig til og gáfu út fréttablað í útilegunni. Í því kenndi ýmissa grasa t.d. myndasögur, umfjallanir um dagskráliði og skoðannakannanir þó fátt eitt sé nefnt.



Öflug dagskrá á laugardegi

Á laugardagsmorgninum var haldin póstaleikur þar sem skátarnir lærðu t.d. á kort, að síga og klifra og skipulögðu gönguferð fyrir eftirmiðdaginn. Eftir hádegismat fóru skátarnir í gönguferð en um leið fengu þeir verkefni sem þeir áttu að leysa úr á leiðinni.

Um svipað leyti komu ylfingar í heimsókn og tóku þátt í dagskrá með skátunum. Það er ekki amalegt fyrir byrjendur í skátastarfi að fá að taka þátt í svona öflugri dagskrá.

Kvöldavaka og næturleikur

Eftir að skátarnir höfðu borðað kvöldmat var haldin stórskemmtileg kvöldvaka með miklu gríni og glens. Þar fóru krakkarnir á kostum í skemmtiatriðum og söng.


Eftir kvöldvökuna fór yngri ylfingahópurinn heim á leið en sá eldri gisti um nóttina. Nú fóru skátarnir út í æsispennandi næturleik þar sem reyndi á herkænsku og þor. Öll umgjörð leiksins var skemmtileg og lifðu skátarnir sig mjög inn í leikinn. Það voru svo þreyttir skátar

sem skriðu upp í rúm eftir strembinn en skemmtilegan dag.

Taka til, taka til.....

Eftir flokkakeppni á sunnudagsmorgni var tekið til við að pakka saman og þrifa og að lokum var haldið heim í Garðabæinn. Það var samróma álit allra að þessi útilega hafi tekist með eindæmum vel og vel og allir skemmtu sér konunglega og eru margir þegar farnir að hlakka til næstu félagsútilegu að ári.

Ágúst Þór.



Landsmót skáta í sumar

Skátar úr Garðabæ stóðu sig frábærlega !



Það fóru nú ekki allir hjólandi...

Landsmót skáta eru haldin þriðja hvert ár og var 24. landsmótið haldið í sumar dagana 16.- 23. júlí í útilífs- og umhverfismiðstöð íslensku skáta-hreyfingarinnar að Hömrum við Akureyri. Um 40 skátar fóru úr Garðabænum og byrjuðu sumir úr Vífill ferðina á því að hjóla Kjöl alla leiðina yfir í Blöndudal. Það var mikið þrekvirki og tók á allar taugar, því auðvitað var gjörsamlega snælduvitlaust veður, rok og rigning og festist hreinlega Kjalvegur við dekkinn, en áfram var hjólað....og loks var komið á áfangastað.

Og upp reis heilt bæjarfélag

Nýja svæðið við Hamra var alveg frábært og fékk félagið úthlutað svæði neðarlega, alveg við Kjarnaskóg. Á mótssvæðinu var öll sú þjónusta sem heilt bæjarfélag þarf, svo sem eins og banki, verslun, tryggingarfélag, sjúkrahús, kaffihús, alþjóðamiðstöð, dagskrármíðstöð og auðvitað heilan skátakór og margt fleira. Rúmlega 2000 skátar frá öllu landinu og frá um 30 þjóðum voru komnir til að taka þátt í þessu ævintýri.

Samfelld dagskrá í heila viku

Dagskrá fyrir Landsmót var löngu ákveðin og voru skátaflokkarnir búnir að velja sér dagskrárliði og skrá sig í þá fyrr um veturinn. Þetta fyrirkomulag auðveldar allt skipulag þegar á mótsstað er komið. Flokkarnir gátu valið um dagsferðir, skoðunarferðir, sundferðir inn til Akureyrar, fjallaferðir, skálaferðir, ásamt öllum þeim geysimikla fjölda dagskrárliða sem voru á og við tjaldbúðasvæðið. Til dæmis voru Radióskátar með sérstakt hús til umráða

þar sem hægt var að tala í talstöðvum um allan heim með sambandi í gegnum gervihnetti. Þar var einnig hægt að smíða lukkutróll mótsins sem blikkaði augunum með sérstökum ljósadióðum. Einngi var fatalitun, gerð leikfanga, þrautabraut, báta- og kanósvæði, vatnasafarí þar sem allir sem í gegn fóru áttu að verða blautir !

Auðvitað var vinsælt að fara í litbolta (paintball) þar sem keppt var í liðum og sprautað lituðu vatni á andstæðingana eftir að hafa verið í felum milli heysáta. Sérstakt svæði var þar sem kynnt var starf skáta í fjarlægum löndum og svo mætti lengi telja. Það var ljóst að ekki dugði vikan til að fara í allt sem í boði var.

Vífill bauð Garðbæingum í mat

Þegar leið á vikuna varð ljóst að margir Garðbæingar voru í fjölskyldubúðum eða í heimsókn á Akureyri og voru þau boð látnin út ganga að Vífill byði til Garðbæinga-grillveislu klukkan sex á



Og svo var hjólað yfir Kjöl

laugardeginum, sem var heimsóknardagur mótsins.

Félagsforinginn hafði greinilega ítök á Akureyri, því áður en nokkur hafði deplað auga kom sendibíll með tvö stór gasgrill ásamt miklum birgðum af mat. Ekki veitti svo sem af öllum aukamatnum því að á svæði Vífils snæddu tæplega 200 gestir frá Garðabæ og var stjórnarlið Vífils í framlínunni við

eldamennskuna.

Varð úr þessu einstaklega skemmtileg uppákoma og var ekki laust við að "lítill" Garðabær hafi myndast þetta kvöldið að Hömrum.

Mikill fjöldi fólks í heimsókn

Þetta laugardagskvöld streymdi fólk að til að taka þátt í dagskrá heimsóknardagsins. Talið var að hátt í 5000 manns hafi verið í allt á svæðinu.



Og svo var grillað !



Allir í Landsmótsflíspeysu og merktir Vífill



Aðalvarðeldur á Landsmóti skáta er ævintýri !

Ekki bara varðeldur, heldur stórt tæknilegt verkefni
Þegar stóru varðeldarnir eru haldnir á Landsmóti koma margir við sögu bara við að undirbúa og framkvæma þennan eina dagskrárlíð. Ekki er lengur nóg að hafa einn kassagítar uppi á sviði heldur þarf heila hljómsveit af gítarspilurum, bassaleikara og trommara og jafnvel harmonikkuleikara. Auðvitað þarf svo að leysa tæknimálin, setja upp stórar stæður af hátölurum, mikið magn af hljóðnemum og auðvitað þráðlausum hljóðnemum svo varðeldastjórar geti hlaupið upp í brekkuna og ekki má gleyma ljósabúnaði ásamt öllum rafmagnsmálum.

Svo þarf að láta alla syngja!

Ritstjóri þessa blaðs hefur verið svo heppinn að vera í skemmtilegum hópi skáta sem hafa séð um framkvæmd á aðalvarðeldum og að allir taki þátt í söngnum. Má nefna varðandi undirbúning að lagalista voru valdir löngu fyrir mót og haldnar voru æfingar með spilurum. Enda er það líka þegar fjöldi gesta er orðinn um 5000 manns, þá er nú ekki hægt að spyrja "jæja og hvað lag eigum við að taka næst" ? Til gamans um þróun og fjölgun gesta á varðeldum Landsmóta er hér sýnt til samanburðar aðalvarðeldur frá því í sumar efst á síðunni og svo hér til hægri er mynd frá varðeldi á landsmóti 1967.



Varðeldur á Landsmóti 1967!



Auðvitað veittu fararstjórar verðlaun daglega fyrir bestu tjöldin á svæði



Hluti gesta í grillveislu Vífils

KT TÖLVUR

Myndir úr starfi Vífils





Krydd og kaviár
Veitinga- og veislupjónusta
Sjá www.kryddogkaviar.is
Sími: 565-9933

www.disir.is
Vefverslun með
dömuundirföt, náttföt,
bómullarnærföt o.fl.

www.jurtir.is
Vefverslun með
húð- og hársnyrtivörur

Netfang: disir@strik.is
Sími: 699-6062
Hringdu og pantaðu heimakynningu





Videótilboð um helgar Allar toppmyndirnar

Miðjan Hlíðasmára 8, Kóp.
S:564-3930

Hýlegur staður fyrir rómantískan kvöldverð

Framandi -
freistandi -
grillandi gott

Engu líkt!

efni 544 4448

GALSI RESTAURANT
Hlíðasmára 8, 201 Kópavogur



www.video.is

Garðatorgi S: 565-6677

Efnalaug og fataleiga Garðabæjar
Garðatorgi 3, Sími 565-6680

Bókaverslunin
Gríma

Garðatorgi
Sími: 565-6020

HAGKAUP

GH LJÓS

Garðatorg 7 - P.óBox 1 - 210 Garðabær
 S: 565 6580 & 565 7080 - Fax:565 6180

GARÐATORG
EIGNAMIDLUN

Garðatorg 7 210 Garðabæ · 545 0800
www.gardatorg.is

Garðatorg

Fyrirtækja- og þjónustumiðstöð

ZEPPELIN ARKITEKTAR
 Garðatorg 7

Góð leið til að gleðja á lífsins stóru stundum



- gefðu gjafabréf

